



## Fundargerð

426. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,  
fimmtudaginn 16. ágúst 2018 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum. Mættir voru allir aðalsveitarstjórnarmeðlimir nema Embla Dögg Bachmann. Fyrir hana mætti Rebekka Eiríksdóttir.

Oddviti ritaði fundargerð á tölvu og er hún 3 blaðsíður.

Oddviti bauð fólki verlkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. **425. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 12. júlí 2018.**  
*Farið yfir fundargerðina sem var samþykkt samhljóða*

2. **Mennta- og menningarmálanefnd 14. ágúst 2018.**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina  
Jóhanna Ösp vék af fundi undir lið 4.

4 liður. Sveitarstjórn ákveður að settur verður á lagginnar starfshópur um endurskoðun á starfi tómstundafulltrúa. Starfshópnum verði falið að vinna að og leggja til breytingar á starfi tómstundafulltrúa í samræmi við nútímakröfur um tómstundastarf. Starfshópurinn geti til þess kallað starfsmenn sveitarfélagsins sem koma að málefnum á einhvern hátt. s.s tómstundafulltrúa, félagsmálafulltrúa, skólastjóra, ráðgjafar fyrirtækisins Tröppu ofl. Þá hvetur sveitarstjórn starfshópinn til að hafa samráð við félag eldri borgara, ungmennaráð og íþróttafélag sveitarfélagsins. Starfshópnum er gert að skila inn skýrslu fyrir 1. nóvember 2018. Skýrsluna mun sveitarstjórn síðan hafa til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019. Starfshópurinn skipa: Árný Huld Haraldsdóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Íris Ósk Ingadóttir starfshópurinn velur sér formann.

*Sveitarstjórn samþykkir stofnun starfshóp um endurskoðun á starfi tómstundafulltrúa.*

Tómstundafulltrúi boðið á fundinn. Tómstundafulltrúi óskar eftir að bóka eftirfarandi:

„Reykholar 16. ágúst 2018

Undirrituð er tilbúin að draga uppsögn sína til baka, sé það vilji sveitarfélagsins. Hinsvegar óskar undirrituð eftir að fá leyfi (að hluta sumarleyfi og að hluta launalaust) frá 14. september og fram að áramótum á meðan starfið verður endurskoðað. Kjósi undirrituð að segja upp á þessum tíma óskar hún eftir að sveitarstjórn líti á mánuðinn frá 14. ágúst til 14. september sem einn mánuð af uppsagnarfresti.

Undirrituð er tilbúin að klára stofnun ungmennaráðs í leyfi sínu og sitja fundi með starfshóp. Einnig mun hún reyna að finna starfsfólk til að sinna félagsmiðstöð og samfelldum degi barnsins og vera þeim til halds og trausts óski þau eftir því.“ Jóhanna Ösp Einarisdóttir

*Sveitarstjórn fagnar því að tómstundafulltrúi sé tilbúin að draga uppsögn sína til baka og samþykkir óskir tómstundafulltrúa um leyfi og dagsetningar. Samþykkt samhljóða.*

Jóhanna Ösp mætir aftur á fundinn.

*Fundargerðin samþykkt að öðru leiti*

3. **Fjallskilaneftnd 19. júlí 2018.**

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

**4. Fjallaskilanefnd 15. ágúst 2018.**

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina. Fundargerðin og þar með fjallaskilaseðill samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn tekur undir ákvörðun fjallaskilanefndar um auka fundi eftir leitir til að fara yfir framkvæmd leitar og gera viðeigandi breytingar.*

**Mál til afgreiðslu.**

**1. 1807002- Samþykkt um stjórn Reykhólahrepps, endurskoðun samþykktar, síðari umræða.**

*Sveitarstjórn samþykkir samþykkt um stjórn Reykhólahrepps með áorðnum breytingum*

**2. 1807003 - Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa hjá Reykhólahreppi, endurskoðun skv. 29. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011, síðari umræða og undirritun.**

*Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við þær siðareglur sem nú gilda. Sveitarstjóra falið að tilkynna ráðuneyti þar um.*

**3. 1807005 - Ráðning sveitarstjóra Reykhólahrepps.**

*Oddviti fór yfir stöðu ráðninga. Gert er ráð fyrir að ráðningaferli ljúki í kringum mánaðamótin ágúst/september og nýr sveitarstjóri taki við embætti fljótlega uppúr því. Sveitarstjórn notar tækifærið að þakka Ingu Birnu fyrir vel unnin störf fyrir sveitarfélagið og óskar henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Oddviti sinnir sveitarstjórarstarfinu þar til nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn.*

**4. 1807006 - Ráðning hjúkrunarforstjóra Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar.**

*Oddviti fór yfir stöðu ráðninga.*

**5. 1808004 - Kosning fulltrúa í Barnaverndarnefnd.**

*Sveitarstjórn kýs: Ingu Birnu Erlingsdóttur sem aðalmann og Rebekku Eiríksdóttur til vara. Samþykkt samhljóða.*

**6. 1808005 –Niðurfelling á prókúru fráfarandi sveitarstjóra.**

*Sveitarstjórn ákveður að fella niður prókúru fráfarandi sveitarstjóra Ingu Birnu Erlingsdóttur. Sveitarstjórn ákveður að veita oddvita tímabundna prókúru.*

**7. 1607016 - Ljósleiðari um Reykhólahrepp.**

**7.1 Lagning að Bakka og að Höfstöðum, frestun OV á lagningu þriggja fasa rafmagns.**

*Oddvita falið að ræða við Orkubú Vestfjarðar um málið. Sveitarstjórn leggur áherslu á að lagning þriggja fasa rafmagns og ljósleiðara verði klárað á árinu eins og áætlun gerði ráð fyrir.*

**7.2 Lagning ljósleiðara að Skálanesi.** *Sveitarstjórn samþykkir að leggja ljósleiðara frá Skálanesi að Gufudal og koma um leið á örbylgjutengingu við Djúpadal til bráðabirgða.*

**7.3 Samstarf við Dalabyggð um ljósnet að Gilsfjarðarbrekku.** *Oddvita falið að kanna málið frekar.*

**8. 1808006 - Boðun á XXXII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 26. - 28. september. Farið yfir málið.**

9. 1808009 - Fundarboð, kynningarfundur umhverfis- og auðlindaráðherra um drög að frumvarpi um nýja stofnun fyrir verndarsvæði á Íslandi. *Sveitarstjórn fagnar fundum ráðherra.*
10. 1808010 - Ósk um viðhald og endurbætur á vegslóða.

Erindi frá Steinunni Erlu Magnúsdóttur og Böðvari Jónssyni móttakið 10. ágúst 2018.  
*Oddvita falið að vinna málið áfram.*

Mál til kynningar.

11. 1808007 - Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga á drögum að kerfisáætlun Landsnets 2018 - 2027.  
*Málið lagt fram og kynnt.*

Önnur mál (ef einhver):

12. Fulltrúi Reykhólahrepps á aðalfundi Vestfjarðarstofu Jóhanna Ösp Einarsdóttir fór yfir aðalafund stofunnar 29. júní síðastliðinn.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:19

---

---

---

---

---

---